

REGLUGERÐ

um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið með reglugerð þessari er að auðvelda umsækjendum að sækja um lögbundna styrki og uppbætur vegna bifreiða hreyfihamlaðra einstaklinga. Jafnframt er það markmið með styrkjum og uppbótum vegna bifreiða að gera hreyfihömluðum einstaklingum kleift að stunda atvinnu, skóla og sækja reglubundna endurhæfingu eða læknismeðferð.

Reglugerð þessi gildir um uppbætur og styrki vegna kaupa og reksturs bifreiða skv. 10. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.

Með líkamlegri hreyfihömlun er átt við sjúkdóm eða fötlun sem skerðir verulega færni til að komast ferða sinna þannig að göngugeta er að jafnaði minni en 400 metrar á jafnsléttu. Þar er fyrst og fremst um að ræða:

- lömun eða skertan hreyfanleika í ganglimum af völdum sjúkdóms eða fötlunar,
- mæði vegna hjarta- eða lungasjúkdóma,
- annað sambærilegt.

Í reglugerð þessari eiga blindir rétt skv. 2. og 3. gr.

Með bifreið í reglugerð þessari er átt við fólksbifreið eða sendibifreið sem ætluð er til daglegra nota (t.d. ekki húsbíll eða pallbíll sem skráður er sem vörubifreið). Bifreið sem er í rekstrarleigu hjá viðurkenndu fjármálfyrirtæki til langs tíma eða kaupleigu getur fallið undir þau ákvæði reglugerðarinnar sem gera að skilyrði að bifreið skuli vera í eigu umsækjanda eða maka hans eða hún skráð á umsækjanda eða maka hans.

Að jafnaði er einungis heimilt að veita eina uppbót skv. 3. gr. eða einn styrk skv. 4. og 5. gr. til kaupa á bifreið samkvæmt reglugerð þessari. Í sérstökum tilfellum er þó heimilt að veita framfærendum hreyfihamlaðra barna uppbót eða styrk vegna hvers barns til kaupa á einni bifreið ef um er að ræða fleiri en eitt hreyfihamlað barn í sömu fjölskyldu og sem búa á sama heimili. Framfærendur skulu í þeim tilfellum sýna fram á að fjölskyldan þurfi stærri bifreið vegna sérstaks búnaðar eða hjálpartækja sem börnin nota að staðaldri og að skilyrði reglugerðar þessarar séu uppfyllt að öðru leyti. Sækja skal um uppbót eða styrk vegna barnanna á sama tíma og getur heildargreiðsla styrkjanna ekki verið hærri en sem nemur kaupverði bifreiðar.

Með sjálfstæðri búsetu er í reglugerð þessari átt við einhleyping sem býr einn og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

Uppbætur vegna reksturs bifreiða.

Heimilt er að greiða elli- og örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega uppbót til að mæta kostnaði við rekstur bifreiðar ef bótþega er nauðsyn að hafa bifreið vegna hreyfihömlunar og sýnt er að hann geti ekki komist af án uppbótarinnar. Mánaðarleg fjárhæð uppbótarinnar skal nema ~~10.828~~ 15.839 kr. og tekur hún breytingum með sama hætti og aðrar bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Uppbót er eingöngu heimilt að veita þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Hinn hreyfihamlaði hefur sjálfur ökuréttindi eða annar heimilismaður. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða hreyfihamlaða einstaklinga í sjálfstæðri búsetu, sbr. 6. mgr. 1. gr., sem hafa persónulega aðstoðarmenn samkvæmt samningi við sveitarfélag viðkomandi, t.d. samning um notendastýrða persónulega aðstoð, beingreiðslusamning eða sambærilegan samning.
- Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggur fyrir.
- Mat á ökuhæfni liggur fyrir.

Við mat á umsóknum skal fyrst og fremst líta á bifreiðina sem hjálpartæki hreyfihamlaðra og hvort umsækjandi þurfi bifreið til að komast ferða sinna, s.s. til vinnu, í skóla, reglubundna endurhæfingu eða læknismeðferð.

Áður en uppbótin er greidd skulu lagðar fram upplýsingar um eignarhald bifreiðar. Skilyrði er að hinn hreyfihamlaði eða maki hans sé skráður eigandi bifreiðarinnar eða hafi bifreiðina í rekstrarleigu til langs tíma.

3. gr.

Uppbætur vegna kaupa á bifreiðum.

Heimilt er að greiða elli- og örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar. Þá er heimilt að veita uppbót til framfærenda hreyfihamlaðra barna sem njóta umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Uppbót er eingöngu heimilt að veita þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Hinn hreyfihamlaði hefur sjálfur ökuréttindi eða annar heimilismaður. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða hreyfihamlaða einstaklinga í sjálfstæðri búsetu, sbr. 6. mgr. 1. gr., sem hafa persónulega aðstoðarmenn samkvæmt samningi við sveitarfélag viðkomandi, t.d. samning um notendastýrða persónulega aðstoð, beingreiðslusamning eða sambærilegan samning.
2. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggir fyrir.

Við mat á umsóknum skal fyrst og fremst líta á bifreiðina sem hjálpartæki hreyfihamlaðra og hvort umsækjandi þurfi bifreið til að komast ferða sinna, s.s. til vinnu, í skóla, sækja reglubundna endurhæfingu eða læknismeðferð.

Fjárhæðir uppbóta eru eftirfarandi:

1. ~~Kr 360.000 kr.~~ ~~300.000~~ til þeirra sem uppfylla ofangreind skilyrði og eru minna hreyfihamlaðir en þeir sem getið er um í 4. og 5. gr.
2. ~~Kr 720.000 kr.~~ ~~600.000~~ til þeirra sem uppfylla ofangreind skilyrði, eru minna hreyfihamlaðir en þeir sem getið er um í 4. og 5. gr. og eru að kaupa bifreið í fyrsta sinn.

Kaupverð bifreiðar skal ekki vera lægra en fjárhæð uppbótar að teknu tilliti til niðurfellds vörugjalds þegar það á við. Uppbót er heimilt að veita á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.

Áður en uppbótin er greidd skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð og kaup bifreiðar. Einnig skal hinn hreyfihamlaði eða maki hans vera skráður eigandi bifreiðarinnar. Skilyrði er að mat liggir fyrir um þörf á bifreið með hliðsjón af notkun hjálpartækja.

Óheimilt er að selja bifreið fyrr en fimm árum eftir veitingu uppbótar nema að fengnu sérstöku leyfi Tryggingastofnunar ríkisins. Heimilt er að víkja frá áðurgreindum tímamörkum eyðileggist bifreið á tímabilinu eða vegna andláts bótaþega.

4. gr.

Styrkir til kaupa á bifreiðum.

Heimilt er að greiða styrk til að afla bifreiðar sem nauðsynleg er vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta. Þá er heimilt að veita styrk til framfærenda hreyfihamlaðra barna sem njóta umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en þá skal sýna fram á þörf á að koma hreyfihömluðu barni til reglubundinnar þjálfunar, meðferðar eða í skóla.

Styrkur skal vera ~~1.440.000 kr.~~ ~~1.200.000~~ og skal eingöngu veittur þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Hinn hreyfihamlaði hefur sjálfur ökuréttindi eða annar heimilismaður. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða hreyfihamlaða einstaklinga í sjálfstæðri búsetu, sbr. 6. mgr. 1. gr., sem hafa persónulega aðstoðarmenn samkvæmt samningi við sveitarfélag viðkomandi, t.d. samning um notendastýrða persónulega aðstoð, beingreiðslusamning eða sambærilegan samning.
2. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggur fyrir.
3. Einstaklingur er verulega hreyfihamlaður og er t.d. bundinn hjólastól og/eða notar tvær hækjur að staðaldri.
4. Mat á ökuhæfni liggur fyrir.
5. Hinn hreyfihamlaði er sjúkratryggður hér á landi, sbr. 10. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Kaupverð bifreiðar skal ekki vera lægra en fjárhæð styrks að teknu tilliti til niðurfellds vörugjalds þegar það á við. Styrk er heimilt að veita á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.

Áður en styrkur er greiddur skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð og kaup bifreiðar. Einnig skal hinn hreyfihamlaði eða maki hans vera skráður eigandi bifreiðarinnar. Skilyrði er að mat liggir fyrir um þörf á bifreið með hliðsjón af notkun hjálpartækja.

Óheimilt er að selja bifreið fyrr en fimm árum eftir styrkveitingu nema að fengnu sérstöku leyfi Tryggingastofnunar ríkisins. Heimilt er að víkja frá áðurgreindum tímamörkum eyðileggist bifreið á tímabilinu

eða vegna andláts styrkþega.

Ef hinn hreyfihamlaði hefur móttengið uppbót samkvæmt 3. gr. og sjúkdómsástand hans versnar þannig að hann uppfylli skilyrði styrks samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að greiða mismun á fjárhæð uppbóta og fjárhæð styrks. Styrkur og uppbót geta þó aldrei verið hærri en ~~1.200.000~~ 1.440.000 kr. á fimm ára fresti.

5. gr.

Styrkir til kaupa á sérútbúnum og dýrum bifreiðum.

Heimilt er að veita styrk til að afla bifreiðar sem nemur allt að 50-60% af kaupverði bifreiðar, þ.e. grunnverði án aukabúnaðar, ef um er að ræða einstakling sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna mikillar fötlunar. Heimildin á þó einungis við þegar umsækjandi uppfyllir skilyrði 4. gr. ~~og eður sjálfur eða annar heimilismaður.~~

Styrk er heimilt að veita á fimm ára fresti vegna sama einstaklings. Styrkur samkvæmt þessu ákvæði getur aldrei verið hærri en 5.000.000 kr.

Áður en styrkur er greiddur skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð og kaup bifreiðar. Einnig skal hinn hreyfihamlaði eða maki hans vera skráður eigandi bifreiðarinnar. Skilyrði er að mat liggi fyrir um þörf á bifreið með hliðsjón af notkun hjálpartækja og að Tryggingastofnun ríkisins samþykki val á bifreið. Er Tryggingastofnun heimilt að óska eftir álitum sjúkratryggingastofnunar á þörf umsækjanda fyrir hjálpartæki og bifreið.

Óheimilt er að selja bifreið fyrr en fimm árum eftir styrkveitingu nema að fengnu sérstöku leyfi Tryggingastofnunar ríkisins. Heimilt er að víkja frá áðurgreindum tímamörkum eyðileggist bifreið á tímabilinu eða vegna andláts styrkþega.

Að jafnaði skal ekki veittur styrkur vegna fatlaðra barna yngri en tíu ára. Í sérstökum tilfellum er heimilt að veita styrk vegna mikið fatlaðra barna yngri en tíu ára ef barnið þarf sannarlega sambærilega bifreið og fullorðinn einstaklingur í sambærilegri aðstöðu. Í þeim tilvikum skal m.a. horft sérstaklega til eðlis fötlunar barnsins, hvort að það sé óvenju hávaxið og/eða þungt miðað við aldur og hvort að barnið er óvenju háð fyrirferðarmiklum hjálpartækjum á meðan að það er í bifreiðinni.

6. gr.

Umsóknir og afgreiðsla þeirra.

Sækja skal um styrki og uppbætur samkvæmt reglugerð þessari hjá Tryggingastofnun ríkisins og skulu umsóknir vera á eyðublöðum stofnunarinnar eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Umsækjanda er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um veitingu styrks eða uppbóta. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknar.

Styrkir og uppbætur sem ekki eru nýttir innan 12 mánaða falla niður en ákvarða má uppbót eða styrk á ný ef rökstudd umsókn berst, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. 52., 53. og 55. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 14. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 752/2002 um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, með síðari breytingum.

~~Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. janúar 2009.~~

~~Jóhanna Sigurðardóttir.~~

~~Ágúst Þór Sigurðsson.~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.